25. Ársþing KAÍ, 18. febrúar 2012

# EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2011 - 2012: 3
SKÝRSLA STJÓRNAR 4
Frá formanni. 4
Katadómaranámskeið. 5
Landslið Íslands í Karate valið. 5
Katadómaranámskeið með Sensei Steven Morris, 6. Dan. 6
Nýir dómarar í kata. 7
24. Karateþing 2011. 7
Góður árangur á Opna Sænska meistaramótinu í karate. 8
Grandprixmeistarar í karate 2010-2011. 9
Bikarmeistarar í karate 2010-2011 krýndir. 10
Góður árangur á Norðurlandameistararmótinu í karate í Finnlandi. 11
Ný mótahandbók KAÍ. 12
Heimsmeistaramót unglinga í karate 2011. 12
Niðurstöður af dómaranámskeiði KAÍ í kumite. 12
Uppfærð réttindi karatedómara í kumite. 13
Frábær árangur á Stockholm Open 2011 13
Karatekona og karatemaður ársins 2011. 14
NEFNDIR 17
Aganefnd 17
Dómaranefnd 17
Landsliðsnefnd 17
Mótanefnd 17
Landsliðsþjálfarar 17
MÓT Á ÁRINU 2011 18
2. Bikarmót KAÍ 2010-2011. 18
2. Bushidomótið 2010-2011. 19
Íslandsmót barna í kata 2011. 21
Íslandsmót unglinga í kata 2011 22
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata 2011. 24
3. Bikarmót KAÍ 2010-2011. 26
3. Bushidomótið 2010-2011. 26
1. Bikarmót KAÍ 2011-2012. 28
1. Bushidomótið 2011-2012. 29
Íslandsmeistaramót unglinga í kumite 2011 31
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2011. 33
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI. 37
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS. 39
REGLUGERÐIR 42
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE 42
LISTI YFIR LEYFILEGAR KEPPNISKATA 47
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE 48
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE 48
REGLUR UM KARATEDÓMARA. 49

REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS. .......................................... 50
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS......................... 51
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ...................................................................... 52
REKSTRARREIKNINGUR 1/1/2011 - 31/12/2011 ....................................................................... 52
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2011 ........................................................................................ 55

# Stjórn KAÍ 2011 - 2012:

| | |
|---|---|
| Reinharð Reinharðsson | formaður |
| Helgi Jóhannesson | vara-formaður |
| Kristján Gaukur Kristjánsson | gjaldkeri |
| Jón Ingi Þorvaldsson | ritari |
| Guðni Már Egilsson | Meðstjórnandi |
| | |
| Arnar Þór Björgvinsson | varamaður |
| Indriði Jónsson | varamaður |
| Gunnlaugur Sigurðsson | varamaður |

# SKÝRSLA STJÓRNAR

## *Frá formanni.*

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er hundrað ára á þessu ári. Það var stofnað 28. janúar 1912 í Bárubúð sem stóð þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur nú. Óskum við því alls hins besta á árinu og munum taka þátt í hátíðarhöldum á vegum ÍSÍ af því tilefni.

Karatesambandið var stofnað 28. febrúar 1985 og eru því að verða 27 ár frá stofnun þess. Fjórir einstaklingar gegnt starfi formanns frá upphafi. Enn er rétt að benda á að hægt er að lesa ársskýrslur og þinggerðir á vef Karatesambandsins undir liðnum “Karatesaga”.

Ýmsar breytingar hafa verið á mótahaldi frá 1985. Í upphafi var eitt Íslandsmeistarmót þar sem keppt var í kata og kumite á einum löngum degi. Síðar var mótunum skipt upp í kata- og kumitemót, bikarmótaröðin bættist við og nú síðast GrandPrix mótaröðin fyrir 12 – 17 ára. Mótahald hefur verið með föstum skorðum nú um nokkura ára skeið. Með nýjustu breytingum á keppnisreglum Alþjóða karatesambandsins þarf að fjölga um einn dómara á hverjum velli og er nú svo komið að við verðum að fá fleiri til starfa við dómgæslu ef ekki á að koma til vandræða við mótahald í framtíðinni. Einnig verðum við að leggjast á eitt við að fá fleiri starfsmenn frá félögunum til starfa á mótunum.

Góður árangur náðist erlendis á árinu. Opna Sænska meistaramótið í karate var haldið í Malmö í mars og var afraksturinn eitt silfur og níu brons. Mótið var mjög sterkt en yfir 700 keppendur tóku þátt frá 13 löndum. Íslenska landsliðið í karate keppti á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Tampere, Finnlandi helgina 16-17 apríl og var árangurinn mjög góður. Tvö silfur og þrjú brons unnust. Helgina, 5-6.nóvember, keppti íslenska landsliðið í karate á Stockholm Open. Mótið var mjög sterkt í ár, yfir 650 keppendur frá 11 löndum tóku þátt báða dagana og uppskeran var 6 gull, 6 silfur og 6 brons.

Nokkur ný verkefni hjá landsliðinu eru í skoðun hjá stjórn KAÍ og landsliðsnefndinni en nú er svo komið að bestu keppendurnir þurfa að fá að keppa á sterkari mótum. Er stefnan sett á að senda keppendur á Evrópumeistaramót, Heimsmeistaramót og nýja röð móta sem kallast Karate1 og eru haldin undir stjórn Alþjóða karatesambandsins. Þá hefur einnig komið til tals að taka þátt í RIG, Reykjavík International Games, sem eru haldnir í lok janúar ár hvert. Er stjórn KAÍ með í athugun hvort sambandið hefur bolmagn til að taka þátt og halda utan um árlegt alþjóðlegt mót, því vel verður að standa að því ef það á að ná að festa sig í sessi.

Landsliðsnefndin hefur haldið úti öflugu æfingaprógrami á árinu bæði í kata og kumite. Hefur Andri Sveinsson verið landsliðsþjálfari í kumite og Magnús Kr. Eyjólfsson verið landsliðs-þjálfari í kata. Vil ég þakka þeim fyrir gott starf á árinu.

Þá vil ég einnig þakka fjölmiðlum landsins enn og aftur fyrir aukinn áhuga á karateíþróttinni, þá sérstaklega Morgunblaðinu, mbl.is og RÚV sem hafa verið dugleg við að birta úrslit móta og taka viðtöl við keppnisfólk okkar að þeim loknum.

Ég vil að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir góð störf á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

## *Katadómaranámskeið.*

Dómaranefnd KAÍ hélt katadómaranámskeið með Sensei Pat McLuskey, 6.dan shotokan karate, laugardaginn 15.janúar í íþróttahúsi Lindarskóla í Kópavogi. Fór hann í helstu atriði í Shotokan kata. 10 katadómara tóku þátt í námskeiðinu.



Katadómararnir með Sensei Pat McLuskey.

## *Landslið Íslands í Karate valið.*

Landsliðsþjálfararnir tilkynntu s.l. sunnudag nýtt landslið í karate fyrir verkefni vorsins.



Landsliðshópurinn við kynninguna.

Það er skipað eftirfarandi.

Kumite A Lið
Arnór Ingi Sigurðsson, Fylkir, Senior
Kristján Ó Davíðsson, Haukum Senior
Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylki, Junior

Kumite B Lið
Telma Rut Fríman
Ragnar Eyþórsson, Breiðablik, Junior

Kata A Lið
Aðalheiður Rósa Harðardóttir, KAK, Senior
Elías Snorrason, KFR, Junior

Kata B Lið
Kristján Helgi Carrasco, Aftureldingu, Senior
Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik, Junior
Birkir Indriðason, Breiðablik, Junior
Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, Junior
Heiðar Benidiktsson, Breiðablik, Cadet
Davíð Freyr Guðjónsson, Breiðablik, Cadet

## *Katadómaranámskeið með Sensei Steven Morris, 6. Dan.*

Dómaranefnd KAÍ hélt katadómaranámskeið með Sensei Steven Morris, 6.dan shito-ryu karate, miðvikudaginn 9. febrúar í Egilshöllinni, Grafarvogi. Fór hann í helstu atriði í þremur shito-ryu kata. 6 katadómara tóku þátt í námskeiðinu.



Katadómararnir með Sensei Steven Morris.

## *Nýir dómarar í kata.*

Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í Kata og sá Helgi Jóhannesson, EKF A-dómari, um námskeiðið. Námskeiðið fór fram föstudaginn 18. febrúar í íþróttamiðstöð ÍSÍ, Laugardal og í húsnæði KFR, Laugardal. 15 manns sóttu dómaranámskeiðið og fóru 6 einstaklingar í skriflegt og verklegt próf. Af þeim þá stóðust 5 einstaklingar prófið og fá ný/uppfærð réttindi.

Þeir sem fengu ný réttindi, Kata B-dómari;

Ásmundur Ísak Jónsson, Þórshamri
Kristján Gaukur Kristjánsson, Fjölnir
Snæbjörn Willemsson Verheul, Fjölni

Þeir sem fengu ný réttindi, Kata A-dómari;

Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamri
Kristján Ó. Davíðsson, Haukum



Þátttakendur í katadómaranámskeiðinu.

## *24. Karateþing 2011.*

24. Karateþing 2011 var haldið laugardaginn 26. febrúar 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, E-sal, 3ju hæð og hófst kl. 10.00.
23 fulltrúar sóttu þingið. Ólafur E. Rafnsson, forseti ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ og Víðir Sigurðsson frá Morgunblaðinu voru gestir á þinginu. Stjórn KAÍ hafði ákveðið á fundi sínum fyrr í vikunni að heiðra Íþróttadeild Morgunblaðsins fyrir umfjöllun þeirra um karateíþróttina á árinu 2010. Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ, veitti Víði Sigurðsson viðurkenninguna í upphafi þings.



Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ og Víðir Sigurðsson frá Íþróttafréttadeild Morgunblaðsins.

Stjórn KAÍ lagði fram til kynningar breytingar á reglugerðum sem til stendur að taki gildi fyrir næsta keppnistímabil. Nokkur umræða varð um breytingatillögurnar og spunnust einnig umræður um félagaskipti og lán keppenda á milli félaga. Mun stjórnar KAÍ leggja til breytingar á reglum um félagaskipti sem verða kynntar félögum á vormánuðum.

Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður KAÍ í sjötta sinn. Tveir nýir stjórnarmenn komu inn í aðalstjórn, þeir Jón Ingi Þorvaldsson og Kristján Gaukur Kristjánsson og nýr maður var kosinn í vara-stjórn, Gunnlaugur Sigurðsson.

## *Góður árangur á Opna Sænska meistaramótinu í karate.*

Um helgina, 26.-27. mars, fór fram Opna Sænska meistaramótið í karate og var mótið haldið í Malmö. Mótið var mjög sterkt en yfir 700 keppendur mættu frá 13 löndum og mörg hver með landslið sín, þ.á.m. landslið Svíþjóðar, Danmerkur, Póllands, Englands, Indónesíu og Mexíkó. Íslenska landsliðið tók þátt í mótinu, bæði unglingar og fullorðnir enda er mótið góður undirbúningur fyrir Norðurlandameistaramótið sem fer fram í Tampere Finnlandi 16.-17. apríl næstkomandi.

Góður árangur náðist og var afraksturinn eitt silfur og níu brons. Á sunnudeginum náðu Aðalheiður Rósa og Ragnar bestum árangri af íslensku keppendunum. Aðalheiður Rósa Harðardóttir vann bronsverðlaun í kata Senior eftir góðan sigur á dönsku stúlkunni Josephine Brunn en áður þá hafði Aðalheiður borið lægri hlut fyrir Indónesísku landsliðskonunni Yuliandi Syafrudin sem vann flokkinn, en yfir 20 keppendur voru skráðir í flokkinn sem var mjög sterkur og voru m.a. 8 landsliðskonur frá ýmsum þjóðum keppendur. Ragnar Eyþórsson stóð sig vel í kumite Junior -76 kg þar sem 16 keppendur voru skráðir til leiks. Eftir að Ragnar hafði lagt af velli tvo sterka andstæðinga þá tapaði hann fyrir Markunowicz Rodomir frá Póllandi í undanúrslitum eftir framlengdan bardaga og lenti því í 3ja sæti í sínum flokki.

Á laugardeginum þá stóðu Heiðar Benediktsson, Davíð Freyr Guðjónsson og Sæmundur Ragnarsson sig best íslenskra keppenda. Heiðar Benediktsson tapaði naumlega í úrslitabardaganum í kumiteflokki Cadet -63 kg fyrir danska landsliðsmanninum Joakim Larsen en áður hafði Heiðar lagt tvo andstæðinga. Davíð Freyr vann svo til bronsverðlauna í kata Cadet en í þeim flokki kepptu 28 keppendur. Eftir að hafa unnið 3 viðureignir þá beið Davíð lægri hlut í

undanúrslitum fyrir Adreas Ekkert frá Danmörku sem síðan vann flokkinn. Að lokum þá vann Sæmundur Ragnarsson brons í kumite 13 ára pilta. Sá flokkur var sá fjölmennasti á laugardeginum en um 50 piltar voru skráðir til leiks og þurfti Sæmundur að leggja fjóra pilta af velli áður en hann beið lægra hlut í undanúrslitum og fékk með því bronsverðlaun.

Verðlaun Íslenska hópsins voru;

Heiðar Benediktsson, silfur í kumite Cadet -63 kg
Aðalheiður Rósa Harðardóttir, brons í kata Senior
Ragnar Eyþórsson, brons í kumite Junior -76 kg
Ingibjörg Halldórsdóttir, brons í kumite Junior -59 kg
Sverrir Magnússon, brons í kumite Junior -61 kg
Davíð Freyr Guðjónsson, brons í kumite Cadet -57 kg
Davíð Freyr Guðjónsson, brons í kata Cadet
Jónas Ingi Thorarensen Kristjánsson, brons í kumite Cadet +70 kg
Sæmundur Ragnarsson, brons í kumite 13 ára
Arnór Ingi Sigurðsson, Arnar Freyr Nikulásson og Kristján Ó. Davíðsson, brons í liðakeppni í kumite karla




Keppendurnir frá Íslandi í lok sunnudags auk dómaranna, Reinharðs og Helga.

## *Grandprixmeistarar í karate 2010-2011.*

Laugardaginn 2. apríl voru Grandprixmeistarar unglinga krýndir en í ár bar mótaröðin nafn Bushido sem var styrktaraðili mótaraðarinnar. Hjá unglingum eru veitt verðlaun fyrir hvern flokk fyrir sig þar sem flokkum er skipt upp í kata og kumite ásamt því að yngstu kumiteflokkum pilta er skipt upp eftir þyngd keppenda. Sami háttur er hafður á og á fullorðinsmótum, samanlögð stig vetrarins gefa til kynna sigurvegara. Í ár gerðist það að tveir einstaklingar voru jafnir á stigum og sigrum eftir 3 mót og voru því báðir krýndir Grandprixmeistarar, þetta var í flokki kumite pilta 14-15 ára léttari.

Grandprixmeistara 2010-2011.

Kata 12 ára barna Díana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingur
Kata 13 ára táninga Breki Guðmundsson Þórshamar
Kata 14 ára táninga Magnús Valur Willemsson Fjölnir
Kata 15 ára táninga Heiðar Benediktsson Breiðablik
Kata kadetta 16-17 ára Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik
Kumite drengja 12-13 ára léttari Ernir Freyr Guðnason Fylkir
Kumite drengja 12-13 ára þyngri Ólafur E Árnason Fylkir
Kumite pilta 14-15 ára léttari Heiðar Benediktsson Breiðablik
Kumite pilta 14-15 ára léttari Sindri Pétursson Víkingur
Kumite pilta 14-15 ára þyngri Ásgrímur Ari Einarsson Fjölnir
Kumite pilta 16-17 ára Ragnar Eyþórsson Breiðablik
Kumite telpna 12-13 ára Ísabella Montazeri Víkingur
Kumite stúlkna 14-15 ára Nína Ingólfsdóttir Víkingur
Kumite stúlkna 16-17 ára Kristín Magnúsdóttir Breiðablik




GrandPrixmeistarar, efri röð frá vinstri; Magnús Valur Willemsson, Ásgrímur Ari Einarsson, Heiðar Benediktsson, Kristín Magnúsdóttir, Ólafur E Árnason og Ragnar Eyþórsson. Fremri röð frá vinstri; Sindri Pétursson, Ernir Freyr Guðnason, Díana Katrín Þorsteinsdóttir, Nína Ingólfsdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breki Guðmundsson og Ísabella Montazeri.

## *Bikarmeistarar í karate 2010-2011 krýndir.*

Föstudaginn 1. apríl fór fram þriðja og síðusta bikarmót í karate. Á laugardagskvöldinu var svo uppskeruhátið þar sem bikarmeistarar vetrarins voru krýndir, þeir einstaklingar sem eru stigahæstir eftir 3 mót hljóta titilinn þar sem stig úr kumitekeppni og katakeppni eru lögð saman.

Bikarmeistarinn í karlaflokki frá því í fyrra, Kristján Helgi Carrasco, Víking, varði titil sinn nokkuð örugglega en í öðru sæti varð Elías Snorrason, KFR, og í þriðja sæti Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylki. Harðari keppni var í kvennaflokki þar sem nýr meistari var krýndur. Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Karatefélagi Akranes, varð Bikarmeistari eftir harða keppni við Telmu Rut Frímannsdóttur þar sem þær voru jafnar að stigum eftir tvö mót, Hekla Helgadóttir, Þórshamar, varð svo í þriðja sæti.



Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Karatefélagi Akranes og Kristján Helgi Carrasco, Víkingi.

## *Góður árangur á Norðurlandameistararmótinu í karate í Finnlandi.*

Íslenska landsliðið í karate keppti á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Tampere, Finnlandi helgina 16-17 apríl og var árangurinn mjög góður. Tvö silfur og þrjú brons unnust um helgina sem er mjög góður árangur. Yfir 170 keppendur mættu til leiks frá öllum norðurlöndunum ásamt Eistlandi og Lettlandi sem er boðið á mótið. Bestum árangri íslenskra keppenda náðu Heiðar Benediktsson, Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Elías Snorrason. Heiðar benediktsson fékk silfur í kata kadet eftir að hafa átt í baráttu við sænska landsliðsmanninn Love Örsterström, en þetta er í fyrsta skipti sem Heiðar keppir á Norðurlandameistaramóti og er því árangur hans mjög góður, Heiðar vann einnig til verðlauna á Opna Sænska meistaramótinu í Malmö í marsmánuði og á Stokkhólm Open í nóvember síðastliðnum og hefur því unnið til verðlauna á öllum þremur erlendu mótunum sem hann hefur tekið þátt í á þessum vetri. Í kata junior fékk Elías Snorrason brons eftir að hafa unnið norðmanninn Ghopi Srikanthan og Svana Katla Þorsteinsdóttir fékk brons í sama flokki stúlkna eftir viðureign við Julia Mazur frá Svíþjóð.

Í fullorðinsflokki þá stóð Aðalheiður Rósa Harðardóttir sig best íslenskra keppenda og vann til bronsverðlauna í kata kvenna eftir sigur á Armind Barakovic frá Svíþjóð, og náði með því að fylgja eftir góðum árangri sínum frá Opna Sænska meistaramótinu sem fór fram í Malmö í mars síðastliðnum þar sem hún fékk einnig brons í kata fullorðinna, en Aðalheiður hefur eins og Heiðar unnið til verðlauna á öllum þremur erlendu mótunum sem hún hefur tekið þátt í á þessum vetri. Að auki unnu Aðalheiður, Svana Katla og Kristín Magnúsdóttir til silfurverðlauna í hópkata kvenna. Íslensku keppendurnir í kumite áttu aðeins erfiðari dag og náðu ekki í verðlaunasæti að þessu sinni þó margir hafi verið mjög nálægt því.

Mótið í ár var mjög sterkt og hefur fjöldi keppenda aukist frá fyrra ári. Árangurinn í ár er betri en fyrir ári síðan og mikill stígandi í íslenska landsliðinu. Auk landsliðsins voru með í för tveir þjálfarar, fjórir liðsstjórar og þrír dómarar.




Íslenski hópurinn í lok móts.

## Ný mótahandbók KAÍ.

Karatesambandið hefur gefið út Mótahandbók KAÍ 2011 um framkvæmd og verklag við mót á vegum sambandsins. Helgi Jóhannesson, varaformaður KAÍ, tók mótahandbókina saman. Þökkum við honum kærlega fyrir starfið.

## Heimsmeistaramót unglinga í karate 2011.

Landsliðskonan Aðalheiður Rósa Harðardóttir frá Akranesi tók þátt í heimsmeistaramóti U21 í karate sem fer fram í Melaka Malasíu dagana 13-16.október. Í morgun keppti Aðalheiður í kata unglinga U21 árs, 35 keppendur voru skráðir til leiks en einungis landsmeistarar fá að skrá sig til leiks. Aðalheiður tapaði naumlega í fyrstu umferð, fyrir C.Thor frá Malasíu 3-2 eftir mjög góða frammistöðu, en fékk ekki uppreisnarviðureign þar sem C.Thor tapaði fyrir C.Tsuruyama frá Japan. Einungis þeir keppendur sem tapa viðureignum fyrir keppendum sem komast í úrslit fá uppreisnarviðureignir og rétt til að keppa um 3ja sæti í viðkomandi flokk. C.Tsuruyama frá Japan varð að lokum heimsmeistari í þessum flokki.

## Niðurstöður af dómaranámskeiði KAÍ í kumite.

Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í Kumite föstudaginn 14. október í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal, og sá Helgi Jóhannesson, EKF Referee, um námskeiðið. Fín mæting var á námskeiðið og um 21 manns sóttu það. Í framhaldi af námskeiðinu var haldið skriflegt próf og fóru 9 einstaklingar í það. Á sunnudeginum 16. október fór svo fram verklegi hluti prófsins fram þegar Bikarmeistara og Bushido mótin stóðu yfir, 5 einstaklingar fóru í verklega prófið og stóðust þeir allir.

Þeir sem fengu ný réttindi;
Ragnar Eyþórsson, Breiðablik, Judge-B
Guðni Már Egilsson, Fylki, Judge-A
Willem C. Verhaul, Fjölni, Referee-A

Þeir sem endurnýjuðu réttindi sín voru;
Kristján Gaukur Kristjánsson, Fjölni, Referee-A
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukum, Judge-B

## *Uppfærð réttindi karatedómara í kumite.*

Á Íslandsmeistaramóti unglinga í kumite, sem fór fram 29.október, fóru tveir einstaklingar í verklegt próf. Báðir voru þeir að reyna við Referee réttindi sem veita viðkomandi rétt til að stjórna viðureignum í kumite. Báðir stóðust þeir verklega prófið með sóma og hafa því hlotið ný réttindi. Þetta eru;

Kristján Ó. Davíðsson, Haukum, Referee-B
Pétur Freyr Ragnarsson, Fylki, Referee-B

## *Frábær árangur á Stockholm Open 2011.*

Helgina, 5-6.nóvember, keppti íslenska landsliðið í karate á Stockholm Open. Mótið var mjög sterkt í ár, yfir 650 keppendur frá 11 löndum tóku þátt báða dagana. Keppni eldri unglingar, junior, og fullorðinna fór fram á laugardeginum en yngri unglingar og börn kepptu á sunnudeginum. Íslenska liðið stóð sig hreint út sagt frábærlega og uppskeran var 6 gull, 6 silfur og 6 brons.
Bestum árangri á laugardag náði Aðalheiður Rósa Harðardóttir sem fékk 2 silfur og 1 brons í einstaklingsflokki auk þess að fá gull í hópkata ásamt Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur og Kristínu Magnúsdóttur. Aðalheiður háði harða baráttu í senior flokknum við norðurlandameistarann í kata, Anne Sofie Sörensen frá Danmörku, en beið lægri hlut í úrslitum. Auk þeirra tók sænski landsmeistarinn Karin Hägglund þátt í þessum flokki. Auk Aðalheiðar, stóð Kristján Helgi Carrasco sig mjög vel, fékk silfur í kumite -67kg flokki og lendi í 5-6 sæti í opna flokknum í kata eftir að hafa tapað naumlega viðureigninni um bronsið. Þegar öll stig voru tekin saman eftir laugardaginn þá stóð Íslenska liðið uppi sem sigurvegari og vann því fullorðinskeppnina á laugardeginum.
Á sunnudeginum hófu yngri unglingar, 14-15 ára, sína keppni en þar stóð Davíð Freyr Guðjónsson sig frábærlega og fékk 2 gull í cadetflokkum. Fyrir utan að vinna báða einstaklingsflokkana, þá fékk Davíð tvö gull í hópkata á laugardeginum með félögum sínum Birki Indriðasyni og Heiðari Benediktssyni, en þeir þrír eru einnig íslandsmeistarar í flokki fullorðinna í hópkata. Davíð Freyr stóð því uppi ósigraður á mótinu og vann allar sínar viðureignir. Auk Davíðs þá stóð Breki Guðmundsson sig mjög vel í flokki 13 ára pilta, þar sem Breki fékk silfur í kumite.



Á myndinni er keppnishópinn sem vann heildarkeppnina á laugardeginum.

Hér má svo sjá yfirlit yfir verðlaun íslenska keppnishópsins.
Gull kata cadet dan Davíð Freyr Guðjónsson
Gull kata cadet open Davíð Freyr Guðjónsson
Gull teamkata senior Davíð Freyr Guðjónsson, Birkir Indriðason, Heiðar Benediktsson
Gull teamkata junior Davíð Freyr Guðjónsson, Birkir Indriðason, Heiðar Benediktsson
Gull teamkata cadet Bogi Benediktsson, Breki Guðmundsson, Eiríkur Örn Róbertsson
Gull teamkata senior Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Kristín Magnúsdóttir, Svana katla Þorsteinsdóttir
Silfur kata senior dan Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Silfur kumite senior -61 kg Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Silfur kata junior dan Svana katla Þorsteinsdóttir
Silfur kata junior open Heiðar Benediktsson
Silfur kumite senior -67 kg Kristján Helgi Carrasco
Silfur kumite 13 ára Breki Guðmundsson
Brons kata senior open Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Brons kata junior dan Birkir Indriðason
Brons kata junior dan Heiðar Benediktsson
Brons kata cadet open Karl Friðrik Schiöth
Brons kata 13 ára Breki Guðmundsson
Brons team kumite senior Kristján Helgi Carrasco, Kristján Ó. Davíðsson, Ragnar Eyþórsson

## *Karatekona og karatemaður ársins 2011.*

Stjórn Karatesambands Íslands hefur útnefnt eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2011.

**Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Karatefélagi Akraness**

Aðalheiður Rósa er mjög öflug karatekona sem hefur verið í fremstu röð á norðurlöndum síðustu ár þrátt fyrir ungan aldur. Aðalheiður Rósa keppir í báðum keppnisgreinum karate, kata og kumite, en hefur þó sérhæft sig frekar í kata þar sem góður árangur hennar leynir sér ekki. Aðalheiður Rósa er Íslandsmeistari í kata auk þess sem hún er bikarmeistari síðasta árs. Einnig hefur Aðalheiður Rósa staðið sig mjög vel á erlendum mótum og þá sérstaklega á Norðurlöndum, sem dæmi um það fékk hún brons á síðasta Norðurlandameistaramóti.
Aðalheiður Rósa er verðugur fulltrúi kvenna í karate.

Helsti árangur Aðalheiðar Rósu á árinu 2011:

Bikarmeistari kvenna 2010-2011
Íslandsmeistari kata kvenna
Íslandsmeistari í hópkata kvenna
Brons, Norðurlandameistaramót, kata kvenna
Silfur, Norðurlandameistaramót, team kata kvenna
Silfur, Íslandsmeistaramót í kumite -61kg
Silfur, Íslandsmeistaramót í kumite opinn flokkur
Brons, Malmö open, kata senior
Gull, Stockholm open, team kata
Silfur, Stockholm open, kata senior dan
Silfur, Stockholm open, kumite -61kg
Brons, Stockholm open, kata senior open

**Kristján Helgi Carrasco, Karatedeild Víkings**

Kristján Helgi er öflugur karatemaður sem hefur verið í landsliði Íslands síðustu ár. Hann keppir í báðum greinum karate, kata og kumite, og hefur náð góðum árangri í báðum þessum keppnisgreinum. Hann er m.a. Íslandsmeistari í kumite, bikarmeistari síðasta árs ásamt því að hafa unnið til verðlauna á erlendum mótum.
Kristján Helgi er vaxandi karetemaður og verðugur fulltrúi karla í karate.

Helsti árangur Kristjáns Helga á árinu 2011:

Bikarmeistari karla 2010-2011
Íslandsmeistari kumite -67kg
Íslandsmeistari kumite, liðakeppni karla
Silfur, Íslandsmeistaramót í kumite, opinn flokkur
Silfur, Stockholm open, kumite -67kg
Brons, Stockholm open, team kumite
Silfur, ÍM í kata, kata karla



Kristján Helgi Carrasco og Aðalheiður Rósa Harðardóttir.

# NEFNDIR

## *Aganefnd*

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Gísli Magnússon

Magnús Kr. Eyjólfssson

Willem Cornelis Verheul

**Varamenn:**

Gretar Örn Halldórsson

Guðni Már Egilsson

Vincente Carrasco

## *Dómaranefnd*

Helgi Jóhannesson - formaður

Reinharð Reinharðsson

Gunnlaugur Sigurðsson

## *Landsliðsnefnd*

Jón Ingi Þorvaldsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Þórunn Ýr Elíasdóttir

## *Mótanefnd*

Þrúður Sigurðar – formaður

Agnar B. Helgason

Arnar Þór Björgvinsson

Sigurbjörn Jónsson

## *Landsliðsþjálfarar*

Andri Sveinsson – Kumite

Magnús Kr. Eyjólfsson – Kata

# MÓT Á ÁRINU 2011

## *2. Bikarmót KAÍ 2010-2011.*

2. Bikarmót KAÍ 2010-2011 var haldið í Íþróttahúsinu Vesturgötu, Akranesi, sunnudaginn 30. janúar 2011.

Úrslit urðu:

KATA

Kata Konur

1. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik
3. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik
3. Telma Rut Frímannsdóttir Umfa
5.-6. Hafdís Erla Helgadóttir KAK

Kata Karlar

1. Kristján Helgi Carrasco Víking
2. Elías Snorrason KFR
3. Birkir Indriðason Breiðablik
4. Sverrir Magnússon KFR

KUMITE

Kumite konur opin

1. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK

Kumite Karlar opin

1. Arnór Ingi Sigurðsson Fylkir
2. Kristján Ó Davíðsson Haukar
3. Kristján Helgi Carrasco Víkingur
3. Bergþór Vikar Geirsson Fylkir
5-6. Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
5.-6. Arnór Ingi Sigurðsson Haukar
7.-8. Arnar Freyr Nikulásson Breiðablik
7.-8. Hjálmar Jensen Fylkir

Staða eftir 2 mót

Kvennaflokkur
1-2. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding 26
1-2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 26
3-4. Hekla Helgadóttir Þórshamar 10
3-4. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 10

Karlaflokkur
1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur 28
2-3. Elías Snorrason KFR 12
2-3. Kristján Ó Davíðsson Haukar 12

## *2. Bushidomótið 2010-2011.*

2. Bushidomótið 2010-2011 fór fram sunnudaginn 30. janúar í íþróttahúsinu Vesturgötu, Akranesi.

Úrslit mótsins:

KATA

Kata 12 ára barna fædd 1998
1. Katrín Kristinsdóttir Breiðablik 10
2. Sigríður Þórdís Pétursdóttir Fjölnir 8
3. Jón Magnús Jónsson Afturelding 6
3. Díana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingur 6
5.-6. Hlynur Bjarnason Breiðablik 3
5.-6. Nökkvi Helgason Þórshamar 3
7.-8. Davíð Þór Torfason Fjölnir 1
7.-8. Eysteinn Aron Halldórsson Þórshamar 1

Kata 13 ára táninga fædd 1997
1. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir 10
2. Eiríkur Örn Róbertsson Þórshamar 8
3. Bogi Benediktsson Þórshamar 6
3. Breki Guðmundsson Þórshamar 6
5.-6. Níels Ingi Jónasson Breiðablik 3
5.-6. Alexander Leonard Vidal Fjölnir 3
7. María Orradóttir Breiðablik 1

Kata 14 ára táninga fædd 1996
1. Harald S Þorsteinsson Víkingur 10
2. Sindri Pétursson Víkingur 8
3. Magnús Valur Willemsson Fjölnir 6
3. Karl Friðrik Schiöth Breiðablik 6
5.-6. Sverrir Ólafur Torfasson Víkingur 3
5.-6. Jónas Ingi Thorarensen Kristjánsson Þórshamar 3

Kata 15 ára táninga fædd 1995
1. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik 10
2. Heiðar Benediktsson Breiðablik 8
3. Kormákur Jarl Gunnarsson Þórshamar 6
3. Nína Ingólfsdóttir Víkingur 6
5.-6. Nadía Eir Kristinsdóttir Víkingur 3
5.-6. Bryndís Sæunn S Gunnlaugsdóttir Þórshamar 3

Kata kadetta 16-17 ára fædd 1993 - 1994
1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur 10
2. Elías Snorrason KFR 8

3. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 6
3. Sverrir Magnússon KFR 6
5.-6. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir KFR 3
5.-6. Birkir Indriðason Breiðablik 3
7. María Rós Björnsdóttir KAK 1

KUMITE

Kumite drengja 12-13 ára f. 1997-98 45 mínus
1. Ernir Freyr Guðnason Fylkir 10
2. Þórarinn Jónsson Afturelding 8
3. Nökkvi Helgason Þórshamar 6
3. Máni Karl Guðmundsson Fylkir 6
5.-6. Davíð Þór Torfason Fjölnir 3
5.-6. Starri Snær Valdimarsson Fylkir 3

Kumite drengja 12-13 ára f. 1997-98 45 plús
1. Ólafur Engilbert Fylkir 10
2. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir8
3. Haraldur M. Runólfsson Víkingur 6
3. Bogi Benediktsson Þórshamar 6
5.-6. Breki Guðmundsson Þórshamar 3
5.-6. Hólmgeir Gauti Agnarsson Breiðablik 3

Kumite pilta 14-15 ára f. 1995-96 60 mínus
1. Sindri Pétursson Víkingur 10
2. Heiðar Benediktsson Breiðablik 8
3. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik 6
4. Agnar Þór Óskarsson Berglund Þórshamar 6
5. Sverrir Ólafur Torfason Víkingur 3

Kumite pilta 14-15 ára f. 1995-96 60 plús
1. Jónas Ingi Thorarensen Kristjánsson Þórshamar 10
2. Viktor Ásgeirsson Fjölnir 8
3. Ásgrímur Ari Einarsson Fjölnir 6
4. Oddur Smári Davíðsson Þórshamar 5

Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára fæddir 1993 - 1994
1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur 10
2. Ragnar Eyþórsson Breiðablik 8
3. Eggert Ólafur Árnason Fylkir 6
3. Pétur H. Bryde Víkingur 6
5.-6. Elías Snorrason KFR 3
5.-6. Elías Guðni Guðnason Fylkir 3
7.-8. Nikulás A Olgeirsson Víkingur 1
7.-8. Aron Eydal Sigurðarson KFR 1

Kumite telpna 12 og 13 ára fæddar 1997 - 1998
1. Sigríður Þórdís Pétursdóttir Fjölnir 10
2. Isabella Montazeri Víkingur 8
3. Telma Bragadóttir Fylkir 6
4. Katrín Ingunn Björnsdóttir Fylkir 5

5. Díana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingur 3

Kumite stúlkna 14 og 15 ára fæddar 1995 - 1996
1. Nína Ingólfsdóttir Víkingur 10
2. Nadía Eir Kristinsdóttir Víkingur 8

Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára fæddar 1993 - 1994
1. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 10
2. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir KFR 8

## *Íslandsmót barna í kata 2011.*

Sunnudaginn 20.febrúar fór fram Íslandsmeistara barna í kata. Yfir 130 krakkar og 30 lið mættu til leiks. Þegar uppi var staðið varð Karatefélag Akranes (KAK) Íslandsmeistari félaga með 16 stig. Bestum árangri barna náði Sylvía Lyn Trahan Akranesi sem varð Íslandsmeistari í sínum aldursflokki ásamt því að vinna hópkata með sínu liði. Þrúður Sigurðar var mótsstjóri og yfirdómari var Helgi Jóhannesson.




Íslandsmeistarar barna í kata 2011.

Úrslit urðu:

Kata barna 8 ára og yngri
1. Tómas Emilsson Víkingur
2. Helena Hjörvar Þórshamar
3. Kristrún Bára Guðjónsdóttir KAK
3. Bjarki Þór Vignisson Fjölnir

Kata barna 9 ára
1. Sylvia Lyn Trahan KAK

2. Elín Björg Arnarsdóttir Afturelding
3. Allan Fernando Helgason Breiðablik
3. Matthías Eyfjörð Afturelding

Kata krakka 10 ára
1. Snorri Beck Magnússon Breiðablik
2. Jóhann Hrafn Ragnarsson KFR
3. Aron Tristan Daníelsson Leiknir
3. Mateusz E Smentoch Víkingur

Kata krakka 11 ára
1. Emil Áki Ægisson Fjölnir
2. Ingibjörg Anna Björnsdóttir Þórshamar
3. Mary Jane Padua Rafael Víkingur
3. Jónatan Baldvinsson Þórshamar

Hópkata barna 9 ára og yngri
1. Kristrún, Eiríkur, Sigríður KAK A
2. Elín, Matthías, Alexander Afturelding A
3. Míra, Sophus, Aron Víkingur A
3. Baldur, Katrín, Ólíver Fjölnir B

Hópkata barna 10-11 ára
1. Sylvía, Bergdís, Bjartur KAK A
2. Emil, Ingibjörg, Helga Þórshamar E
3. Mikael, Emil, Páll Fjölnir B
3. Óttar, Viktor, Guðjón Fjölnir A

Heildarstig félaga;
Akranes 16
Fjölnir 10
Þórshamar 9
Víkingur 7
Afturelding 7
Breiðablik 4
KFR 2
Leiknir 1
Haukar 0

## *Íslandsmót unglinga í kata 2011.*

Sunnudaginn 20.febrúar fór fram Íslandsmeistaramót unglinga í kata. Mótið var vel sótt og yfir 80 keppendur og 20 lið mættu til leiks. Besta árangri náðu Kristín Magnúsdóttir Breiðablik, Harald Þorsteinsson Víking og Matthías Montazeri Víking en öll urðu þau tvöfaldir Íslandsmeistarar í dag. Þau unnu sína einstaklingsflokka og voru einnig í hópkataliði sinna félaga sem unnu sína flokka. Breiðablik varð svo Íslandsmeistari félaga þegar heildarstigin voru lögð saman með 43 stig, en Breiðablik varði með því Íslandsmeistaratitil félaga frá því í fyrra. Þrúður Sigurðar var mótsstjóri og yfirdómari var Helgi Jóhannesson.




Íslandsmeistarar unglinga í kata 2011.

Úrslit úr mótinu:

Kata piltar 12 ára fæddir 1999
1. Matthías B Montazeri Víkingur
2. Kári Haraldsson Afturelding
3. Drengur Arnar Kristjánsson Fjölnir
3. Daníel Orri Árnason Þórshamar

Kata stúlkur 12 ára fæddar 1999
1. Arna Katrín Kristinsdóttir Breiðablik
2. Laufey Lind Sigþórsdóttir Breiðablik
3. Guðbjörg Líf Elfarsdóttir Fjölnir
3. Svava Ósk Árnadóttir Afturelding

Kata piltar 13 ára fæddir 1998
1. Nökkvi Helgason Þórshamar
2. Jökull Máni Þrastarson Breiðablik
3. Baldvin Mattes Víkingur
3. Eysteinn Aron Halldórsson Þórshamar

Kata stúlkur 13 ára fæddar 1998
1. Katrín Kristinsdóttir Breiðablik
2. Diana K Þorsteinsdóttir Víkingur
3. Sigríður Þórdís Pétursdóttir Fjölnir

Kata piltar 14 ára fæddir 1997
1. Breki Guðmundsson Þórshamar
2. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir
3. Alexander Leonard Vidal Fjölnir
3. Eiríkur Örn Róbertsson Þórshamar

Kata stúlkur 14 og 15 ára fæddar 1997-1996
1. Katrín Demian Víkingur
2. Kristín Pétursdóttir Breiðablik

3. Unnur L Þórðardóttir Víkingur
3. Ísabella Montazeri Víkingur

Kata piltar 15 ára fæddir 1996
1. Harald S Þorsteinsson Víkingur
2. Magnús Valur Willemsson Fjölnir
3. Sverrir Torfason Víkingur
3. Sindri Pétursson Víkingur

Kata piltar 16-17 ára fæddir 1995-1994
1. Heiðar Benediktsson Breiðablik
2. Davíð F Guðjónsson Breiðablik
3. Birkir Indriðason Breiðablik
3. Pálmi Reynisson KAK

Kata stúlkur 16-17 ára fæddar 1995-1994
1. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik
3. Nína Ingólfsdóttir Víkingur
3. Elsa María Gunnlaugsdóttir KAK

HÓPKATA

Hópkata táninga 12 og 13 ára fd. 1998 - 1999
1. Birkir, Matthías, Baldvin Vikingur A
2. Aron Hlynur, Hólmgeir Breiðablik A
3. Jón, Kári, Svava Afturelding A
3. Jökull, Sigurður, Óðinn Breiðablik C

Hópkata táninga 14 og 15 ára fd. 1996 - 1997
1. Harald, Sindri, Sverrir Víkingur B
2. Kristín, Katrín, María Breiðablik A
3. Haraldur, Unnur, Ísabella Víkingur A
3. Eiríkur, Breki, Bogi Þórshamar A

Hópkata táninga 16 og 17 ára fd. 1995 - 1994
1. Birkir, Kristín, Svana Breiðablik B
2. Davíð, Heiðar, Karl Breiðablik A
3. Bryndís, Kormákur, Jónas Ingi Þórshamar

Heildarstig félaga
Breiðablik 43
Víkingur 31
Þórshamar 13
Fjölnir 8
Afturelding 5
KAK 2
KFR 0
Leiknir 0
Haukar 0

## *Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata 2011.*

Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna var haldið í dag laugardaginn 5.mars og fór fram í íþróttahúsi Seljaskóla. Góð þátttaka var á mótinu og sendu 5 félög keppendur til leiks. Nýir Íslandsmeistarar voru krýndir í öllum flokkum en besta afrekið vann Aðalheiður Rósa Harðardóttir frá Akranesi sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari í kata. Aðalheiður vann einstaklingsflokkinn eftir góða baráttu við Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur frá Breiðablik, Aðalheiður vann svo einnig hópkata með félögum sínum Dagnýju og Valgerði. Í karlaflokki varð Magnús Kr. Eyjólfsson, Breiðablik, Íslandsmeistari eftir góða

rimmu við Kristján Helga Carrasco, Víking. Í hópkata karla unnu svo ungu strákarnir frá Breiðablik þeir Birkir, Davíð og Heiðar en þess má geta að þeir eru yngstu einstaklingarnir til að vinna hópkata á fullorðinsmóti enda rétt 16 og 17 ára. Þegar heildarstigin voru reiknuð saman þá stóð Breiðablik uppi sem sigurvegari félaga og er því Íslandsmeistari félaga í kata karla með 17 stig. Mótsstjóri var Þrúður Sigurðar og yfirdómari Helgi Jóhannesson.



Magnús Kr. Eyjólfsson og Aðalheiður Rósa Harðardóttir íslandsmeistara í kata 2011.

Kata karla;
1. Magnús Kr. Eyjólfsson, Breiðablik
2. Kristján Helgi Carrasco, Víking
3. Heiðar Benediktsson, Breiðablik
3. Elías Snorrason, KFR

Kata kvenna;
1. Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Akranes
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik
3. Dagný Björk Egilsdóttir, Akranes
3. Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

Hópkata karla;
1. Breiðablik, Birkir Indriðason, Davíð Freyr Guðjónsson, Heiðar Benediktsson
2. Haukar, Kristján Ó. Davíðsson, Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Pálmar Dan Einarsson
3. KFR, Elías Snorrason, Sverrir Magnússon, Sindri Jónsson

Hópkata kvenna;
1. Akranes, Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Dagný Björk Egilsdóttir, Valgerður Elsa Jóhannsdóttir
2. Breiðablik, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Björg Jónsdóttir
3. KFR, Ingibjörg Halldórsdóttir, Brynja Halldórsdóttir, Guðrún Sævarsdóttir

Heildarstig félaga;
Breiðablik 17 stig
Akranes 10 stig
KFR 5 stig
Haukar 4 stig
Víkingur 2 stig

## *3. Bikarmót KAÍ 2010-2011.*

3. Bikarmót KAÍ 2010-2011 var haldið í Íþróttahúsi Fylkis, Norðlingaholti, föstudaginn 1. apríl 2011.

Úrslit urðu:

KATA
Kata Konur
1. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 10
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 6
3. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 4
4. Telma Rut Frímannsdóttir Umfa 3

Kata Karlar
1. Elías Snorrason KFR 10
2. Kristján Helgi Carrasco Víking 6
3. Birkir Indriðason Breiðablik 4
4. Ramon Dela Rosa Víkingur 4

KUMITE
Kumite konur opin
1. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding 10
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 6

Kumite Karlar opin
1. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar 10
2. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir 6
3. Kristján Ó. Davíðsson Haukar 4
4. Kristján Helgi Carrasco Víking 4

## *3. Bushidomótið 2010-2011.*

3. Bushidomótið 2010-2011 fór fram sunnudaginn 2. apríl í Haukahöllinni, Ásvöllum, Hafnarfirði.

Úrslit mótsins:

KATA
Kata 12 ára barna fædd 1998 Stig

1. Díana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingur 10
2. Katrín Kristinsdóttir Breiðablik 8
3. Nökkvi Helgason Þórshamar 6
3. Baldvin Mattes Víkingur 6
5.-6. Hlynur Bjarnason Breiðablik 3
5.-6. Sigríður Þórdís Pétursdóttir Fjölnir 3
7. Eysteinn Aron Halldórsson Þórshamar 1

Kata 13 ára táninga fædd 1997 Stig
1. Kristín Pétursdóttir Breiðablik 10
2. Breki Guðmundsson Þórshamar 8
3. Bogi Benediktsson Þórshamar 6
3. Alexander Vídal Fjölnir 6
5.-6. Haraldur Runólfsson Víkingur 3
5.-6. María Orradóttir Breiðablik 3

Kata 14 ára táninga fædd 1996 Stig
1. Magnús Valur Willemsson Fjölnir 10
2. Karl Friðrik Schiöth Breiðablik 8
3. Sverrir Ólafur Torfason Víkingur 6
3. Sindri Pétursson Víkingur 6
5.-6. Oddur Smári Davíðsson Þórshamar 3
5.-6. Tryggvi Þór Árnason Fjölnir 3

Kata 15 ára táninga fædd 1995 Stig
1. Heiðar Benediktsson Breiðablik 10
2. Nína Ingólfsdóttir Víkingur 8
3. Bryndís S Gunnlaugsdóttir Þórshamar 6
4 Nadía Eir Kristinsdóttir Víkingur 5

Kata kadetta 16-17 ára fædd 1993 - 1994 Stig
1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur 10
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 8
3. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 6
3. Sverrir Magnússon KFR 6
5.-6. Birkir Indriðason Breiðablik 3

KUMITE
Kumite drengja 12-13 ára f. 1997-98 45 mínus Stig
1. Ernir Freyr Guðnason Fylkir 10
2. Þórarinn Jónsson Afturelding 8
3. Máni Karl Guðmundsson Fylkir 6
3. Starri Snær Valdimarsson Fylkir 6
5.-7. Alexander Leonard Vidal Fjölnir 3
5.-7. Baldvin Mattes Víkingur 3
5.-7. Nökkvi Helgason Þórshamar 3

Kumite drengja 12-13 ára f. 1997-98 45 plús Stig
1. Ólafur E Árnason Fylkir 10
2. Sæmundur Ragnarsson Þórshamar 8
3. Bogi Benediktsson Þórshamar 6
3. Eiríkur Örn Róbertsson Þórshamar 6

5.-6. Harald M Runólfsson Víkingur 3
5.-6. Breki Guðmundsson Þórshamar 3
7.-8. Jón Magnús Jónsson Afturelding 1
7.-8. Níels Ingi Jónsson Breiðablik 1

Kumite pilta 14-15 ára f. 1995-96 60 mínus Stig
1. Heiðar Benendiktsson Breiðablik 10
2. Sindri Pétursson Víkingur 8
3. Sverrir Ólafur Torfason Víkingur 6
4. Harald Sigurvin Þorsteinsson Víkingur 5
5. Ísak Sigfússon Haukar 3

Kumite pilta 14-15 ára f. 1995-96 60 plús Stig
1. Ásgrímur Ari Einarsson Fjölnir 10
2. Viktor Ásgeirsson Fjölnir 8

Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára fæddir 1993 - 1994 Stig
1. Ragnar Eyþórsson Breiðablik 10
2. Adam Logi Halldórsson Fylkir 8
3. Pétur Rafn Bryte Víkingur 6
3. Kristján Helgi Carrasco Víkingur 6
5.-6. Hjálmar Jensen Fylkir 3
5.-6. Sverrir Magnússon KFR 3
7.-8. Pétur Gíslason Haukar 1
7.-8. Elías G Guðnason Fylkir 1

Kumite telpna 12 og 13 ára fæddar 1997 - 1998 Stig
1. Edda Kristín Óttarsdóttir Fylkir 10
2. Díana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingur 8
3. Ísabella Montazeri Víkingur 6
4 Telma Rut Bjargardóttir Fylkir 5
5. Sigríður Þórdís Pétursdóttir Fjölnir 3

Kumite stúlkna 14 og 15 ára fæddar 1995 - 1996 Stig
1. Nína Ingólfsdóttir Víkingur 10
2. Nadía Eir Kristinsdóttir Víkingur 8

Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára fæddar 1993 - 1994 Stig
1. Ingibjörg Halldórsdóttir KFR 10
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 8

## *1. Bikarmót KAÍ 2011-2012.*

1. Bikarmót KAÍ 2011-2012 fór fram í Smáranum, Kópavogi, sunnudaginn 16. október og voru um 20 keppendur skráðir til leiks.

Úrslit eftir fyrsta mótið urðu:

KATA
Kata karla Stig
1. Kristján Helgi Carasco Víkingi 10
2. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik 8

3. Heiðar Benediktsson Breiðablik 6
3. Birkir Indriðason Breiðablik 6
5. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar 3

Kata kvenna Stig
1. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 10
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 8
3. Telma Rut Frímannsdóttir UMFA 6
4. Nína Ingólfsdóttir Víkingi 5

KUMITE

Kumite karla Stig
1. Kristján Helgi Carasco Víkingi 10
2. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylki 8
3. Krstján Ó Davíðsson Haukar 6
3. Pétur Rafn Bryde Víkingi 6
5.-6. Elías Guðni Guðnason Fylki 3
5.-6. Adam Halldórsson Fylki 3

Kumite kvenna Stig
1. Telma Rut Frímannsdóttir UMFA 10
2. Nína Ingólfsdóttir Víkingi 8
3. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 6
4. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 5

Staða eftir 1.mót

Karlaflokkur
1. Kristján Helgi Carrasco Víkingi 20 stig
2-3. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik 8 stig
2-3. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylki 8 stig

Kvennaflokkur
1. Telma Rut Frímannsdóttir UMFA 16 stig
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 15 stig
3. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 14 stig

## *1. Bushidomótið 2011-2012.*

1. BUSHIDO-mót KAÍ 2011-2012 fór fram í Smáranum, Kópavogi, sunnudaginn 16. október og voru um 90 keppendur skráðir til leiks.

Úrslit eftir fyrsta mótið urðu:

KATA

Kata 12 ára barna fædd 1999 Stig
1. Arna Katrín Kristinnsdóttir Breiðablik 10
2. Egill Arason Þórshamri 8
3. Hekla Halldórsdóttir UMFA 6
3. Drengur Arnar Kristinnsson Fjölni 6

5.-6. Katrin Gréta Karlsdóttir Haukar 3
5.-6. Sylvía Sara Sigurðardóttir UMFA 3

Kata 13 ára táninga fædd 1998 Stig
1. Katrín Kristinnsdóttir Breiðablik 10
2. Nökkvi Helgason Þórshamar 8
3. Sigríður Þórdís Péturdóttir Fjölni 6
3. Díana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingi 6
5.-6. Árni Hafstað Þórshamar 3
5.-6. Baldvin Mattes Víkingi 3

Kata 14 ára táninga fædd 1997 Stig
1. Breki Guðmundsson Þórshamar 10
2. Kristán Örn Kristjánsson Fjölni 8
3. Isabella Monazeri Vikingi 6
3. Bogi Benediktsson Þórshamar 6
5.-6. Unnur Lillja Þórðardóttir Víking 3
5.-6. Kristín Pétursdóttir Breiðabllik 3

Kata 15 ára táninga fædd 1996 Stig
1. Sverrir Ólafur Torfason Víkingi 10
2. Jónas Ingi Kristjánsson Þórshamri 8
3. Karl Friðrik Schiöt Breiðablik 6
3. Sindri Pétursson Víkingi 6
5.-6. Tryggvi Þór Árnason Fjölni 3
5.-6. Harald Sigvin Þorsteinnsson Víkingi 3

Kata 16-17 ára unglinga fædd 1994 - 1995 Stig
1. Heiðar Benediktsson Breiðablik 10
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 8
3. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 6
3. Birkir Indriðason Breiðablik 6
5.-6. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik 3
5.-6. Nína Ingólfsdóttir Víking 3

KUMITE

Kumite drengja 12-13 ára f. 1998-1999 45 mínus Stig
1. Starri Snær Valdimarsson Fylki 10
2. Matthías Montezeri Víkingi 8
3. Alexander Freyr Bernharðsson Haukar 6
3. Máni Karl Guðmundsson Fylki 6
5. Egill Arason Þórshamar 3

Kumite drengja 12-13 ára f. 1998-1999 45 plús Stig
1. Þorsteinn Tryggvason Fylki 10
2. Ernir Freyr Guðnason Fylki 8
3. Baldvin Mattes Víkingi 6
3. Andri Már Hannesson Fylki 6
5. Drengur Arnar Kristjánsson Fjölni 3

Kumite pilta 14-15 ára f. 1996-1997 60 mínus Stig

1. Ólafur Engilbert Árnason Fylki 10
2. Breki Guðmundsson Þórshamar 8
3. Haraldur Mates Rúnólfsson Víkingi 6
3. Sverrir Ólafur Torfason Víkingi 6
5. Hafþór Atli Ólafsson Fylki 3

Kumite pilta 14-15 ára f. 1996-1997 60 plús Stig
1. Jónas Ingi Kristjánsson Þórshamri 10
2. Eiríkur Örn Róbertsson Þórshamri 8
3. Bogi Benediktsson Þórshamri 6
4. Sindri Pétursson Víkingi 5
5. Karl Friðrik Schiöt Breiðablik 3

Kumite pilta 16 og 17 ára fæddir 1994 - 1995 Stig
1. Pétur Rafn Bryde Víkingi 10
2. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylki 8
3. Elías Guðni Guðnason Fylki 6
3. Adam Halldórsson Fylki 6
5. Viktor Ásgeirsson Fjölni 3

Kumite telpna 12 og 13 ára fæddar 1998 - 1999 Stig
1. Edda Kristín Óttarsdóttir Fylki 10
2. Lilja Vigdís Davíðsdóttir Fylki 8
3. Eva Ósk Gunnarsdóttir Haukar 6
3. Diana Katrín Þorsteinsdóttir Víkingi 6
5.-6. Helga Lára Jónsdóttir Fjölni 3
5.-6. Katrín Ingun Björnsdóttir Fylki 3

Kumite stúlkna 14 og 15 ára fæddar 1996 - 1997 Stig
1. Katrín Hrefna Demian Víkingi 10
2. Isabella Monazeri Víkingi 8
3. Kristín Pétursdóttir Breiðablik 6
3. Telma Rut Bjargardóttir Fylki 6
5.-6. Unnur Lilja Þórðardóttir Víkingi 3

Kumite stúlkna 16 og 17 ára fæddar 1994 - 1995 Stig
1. Nína Ingólfsdóttir Víkingi 10
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 8

## *Íslandsmeistaramót unglinga í kumite 2011.*

Íslandsmeistaramót unglinga í kumite 2011 var haldið í Fylkissetrið, Norðlingaholti, laugardaginn 29. október.

Íslandsmeistaramót unglinga í kumite fór fram í dag, laugardaginn 29.október, í Fylkissetrinu Norðlingaholti. Yfir 50 unglingar frá 12-17 ára aldri tóku þátt í mótinu sem var skipt upp eftir aldri og kyn keppenda. Margar mjög skemmtilegar glímur sáust í dag og var mikil spennan í úrslitabardögum, þá sérstaklega í flokki 16-17 ára pilta þar sem Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylki, átti í kapp við Pétur Rafn Bryde, Víking. Eftir mjög harða og drengilega keppni þá stóð Pétur uppi sem sigurvegarinn í þeim bardaga sem flestir töldu hafa staðið upp úr þessu Íslandsmeistaramóti, enda tveir mjög efnilegir karatemenn á ferð. Tvö félög stóðu sig áberandi best í dag, Karatedeild Fylkis og Karatedeild Víkings, enda skiptu þau flestum Íslandsmeistaratitlum með sér í dag. Þegar heildarstig höfðu verið talin þá stóð karatedeild Fylkis uppi sem sigurvegari og þar með Íslandsmeistari félaga í

kumite unglinga með 26 stig en Karatedeild Víkings endaði með 20 stig, önnur félög fengu minna. Þess má geta að þetta er 5 árið í röð sem Fylkir vinnur þennan titil.

Þeir einstaklingar sem unnu Íslandsmeistaratitla í dag eru;

Piltar 12 ára; Þorsteinn Freygarðsson, Fylki
Piltar 13 ára; Ernir Freyr Guðnason, Fylki
Piltar 14-15 ára, -63kg; Ólafur E. Árnason, Fylki
Piltar 14-15 ára, +63kg; Sindri Pétursson, Víking
Piltar 16-17 ára; Pétur Rafn Bryde, Víking
Stúlkur 12-13 ára; Edda Óttarsdóttir, Fylki
Stúlkur 14-15 ára; Helga Kristín Ingólfsdóttir, Fylki
Stúlkur 16-17 ára; Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, KFR




Á meðfylgjandi mynd má sjá alla Íslandsmeistarana, í efri röð frá vinstri; Pétur Rafn Bryde, Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, Helga Kristín Ingólfsdóttir og Sindri Pétursson.
Neðri röð frá vinstri; Þorsteinn Freygarðsson, Edda Óttarsdóttir, Ernir Freyr Guðnason og Ólafur E. Árnason.

Úrslit mótsins urðu:

Kumite piltar 12 ára
1. þorsteinn Freygarðsson Fylkir
2. Matthías Montazeri Víkingur
3. Birkir Ómarsson Víkingur
3. Andri már hannesson Fylkir

Kumite piltar 13 ára
1. Ernir Freyr Guðnason Fylkir

2. Máni karl Guðmundsson Fylkir
3. Baldvin Mattes Víkingur

Kumite piltar 14-15 ára -63kg
1. Ólafur E. Árnason Fylkir
2. Sverrir Torfason Víkingur
3. Þórarinn Jónsson Afturelding
3. Sæmundur Ragnarsson Þórshamar

Kumite piltar 14-15 ára +63kg
1. Sindri Pétursson Víkingur
2. Harald S. Þorsteinsson Víkingur
3. Agnar Þór óskarsson Þórshamar
3. Jónas Ingi Th. Kristjánsson Þórshamar

Kumite piltar 16-17 ára
1. Pétur Rafn Bryde Víkingur
2. Jóhannes G. Óttarsson Fylkir
3. Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Adam Halldórsson Fylkir

Kumite stúlkur 12-13 ára
1. Edda Óttarsdóttir Fylkir
2. Lilja Davíðsdóttir Fylkir
3. Díana Þorsteinsdóttir Víkingur
3. Sigríður Pétursdóttir Fjölnir

Kumite stúlkur 14 og 15 ára
1. Helga Kristín Ingólfsdóttir Fylkir
2. Telma Rut Bjargardóttir Fylkir
3. Unnur Þórðardóttir Víkingur
3. Ísabella Montazeri Víkingur

Kumite stúlkur 16-17 ára
1. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir KFR
2. Nína Ingólfsdóttir Víkingur
3. Nadía Eir Kristinsdóttir Víkingur

Heildarúrslit félaga
Fylkir 26 stig
Víkingur 20 stig
Þórshamar 3 stig
KFR 3 stig
Afturelding 1 stig
Fjölnir 1 stig

## *Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2011.*

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite var haldið í dag, laugardaginn 19.nóvember, í Fylkissetrinu Norðlingaholti. Yfir 60 keppendur frá 8 félögum mættu til leiks í einstaklingskeppni og 5 lið í sveitakeppni karla. Margir mjög skemmtilegir bardagar sáust í dag og var hart barist í þeim öllum. Í kvennaflokki stóð Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, sig best en hún vann bæði -61kg flokkinn og opna flokk kvenna með því að leggja alla sína andstæðinga að velli. Í úrslitaviðureign í opnum flokki mætti hún Aðalheiði Rósu Harðardóttur, Akranes, sem hefur verið hennar helsti mótherji í kumite hér heima. Með þessu þá varði Telma báða titla sína frá því í fyrra en Telma hefur verið nær ósigrandi hér heima í kumite.

Í karlaflokki þá var það Diego Björn Valencia, Víking, sem stóð uppi sem ótvíræður sigurvegari dagsins enda varð hann þrefaldur Íslandsmeistari, endurtók hann leikinn frá 2009 en þá varð hann einnig þrefaldur meistari. Í +84kg flokki þá lagði hann félaga sinn úr Víking, Andra Val Guðjónssen en í opnum flokki þá mætti hann öðrum félaga sínum úr Víking, Kristjáni Helga Carrasco, sem hann lagði í bráðskemmtilegri viðureign sem var að matri allra sú besta sem sást á Íslandsmeistaramótinu. Í sveitakeppni karla þá mættu lið Hauka liði Víkings í úrslitaviðureigninni. Skemmst er frá því að segja, að Víkingspiltar lögðu Haukastráka nokkuð örugglega og urðu með því Íslandsmeistarar í liðakeppni karla. Það voru þeir Diego Björn Valencia, Kristján Helgi Carrasco og Andri Valur Guðjónsen sem skipuðu liðið.

Eftir að öll stig dagsins voru talin saman þá stóð Víkingur uppi sem Íslandsmeistari félag í kumite fullorðinna. Var það nokkuð verðskuldað enda stóðu liðsmenn Víkings sig mjög vel í dag.



Á myndinni eru Íslandsmeistara dagsins, eftir röð frá vinstri; Andri Valur Guðjónsen, Kristján Ó. Davíðsson, Kristján Helgi Carrasco, Helena Montazeri, Pétur Rafn Bryde.
Í neðri röð Diego Björn Valencia og Telma Rut Frímannsdóttur.

Íslandsmeistarar urðu;

Kumite kvenna -61kg; Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding
Kumite kvenna +61kg; Helena Montazeri, Víkingur
Kumite kvenna opinn flokkur; Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding
Kumite karla -67kg; Kristján Helgi Carrasco, Víkingur
Kumite karla -74kg; Kristján Ó. Davíðsson, Haukar
Kumite karla -84kg; Pétur Rafn Bryde, Víkingur
Kumite karla +84kg; Diego Björn Valencia, Víkingur
Kumite karla opinn flokkur; Diego Björn Valencia, Víkingur

Kumite liðakeppni karla; Víkingur (Diego Björn Valencia, Kristján Helgi Carrasco, Andri Valur Guðjónsen).

Íslandsmeistarar félaga í kumite fullorðinna; Víkingur

Heildar úrslit mótsins urðu:

Kumite kvenna -61kg
1. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir Akranes
3. Nína Ingólfsdóttir Víkingur

Kumite kvenna +61kg
1. Helena Montazeri Víkingur
2. Þórunn Orradóttir Víkingur
3. Guðrún G Björnsdóttir Þórshamar

Kumite kvenna opinn flokkur
1. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir Akranes
3. Helena Montazeri Víkingur

Kumite karla -67kg
1. Kristján Helgi Carrusco Víkingur
2. Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Heiðar Benediktsson Breiðablik
3. Sverrir Magnússon KFR

Kumite karla -75kg
1. Kristján Ó Davíðsson Haukar
2. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar
3. Elías Snorrason KFR
3. Ragnar Eyþórsson Breiðablik

Kumite karla -84kg
1. Pétur Rafn Bryde Víkingur
2. Eggert Ólafur Árnason Fylkir
3. Goði Ómarsson KFR

Kumite karla +84kg
1. Diego Björn Valencia Víkingur
2. Andri Valur Guðjónsen Víkingur
3. Hafþór Ómar Sæmundsson Fylkir
3. Bergþór Vikar Geirsson Fylkir

Kumite karla opinn flokkur
1. Diego Björn Valencia Víkingur
2. Kristján Helgi Carrasco Víkingur
3. Kristján Ó Davíðsson Haukar
3. Hjálmar Þór Jensen fylkir

Kumite liðakeppni karla
1. Kristján, Diego, Andri Víkingur
2. Kristján, Guðbjartur, Helgi Haukar
3. Eyþór, Ragnar , Magnús Breiðablik
3. Elías, Sverrir, Sigurður KFR

Heildarstig félaga:
Víkingur 29

Haukar 10
Fylkir 7
Afturelding 6
KFR 5
Breiðablik 4
Akranes 4
Þórshamar 1
Fjölnir 0

# KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.

Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ.

**Dómarar með kumite réttindi**

| Nafn | Gráða | Félag | Réttindi | Dags tekin / endurnýjuð |
|---|---|---|---|---|
| Helgi Jóhannesson | 4. Dan | Breiðablik | **EKF Referee-B** | 05.2009 |
| Gunnlaugur Sigurðsson | 3. Dan | Haukar | **EKF Judge-B** | 06.2008 |
| Willem Cornelis Verheul | 2. Dan | Fjölnir | **Karatedómari** | 10.2011 |
| Reinharð Reinharðsson | 3. Dan | KFR | **Karatedómari** | 10.2009 |
| Jón Ingi Þorvaldsson | 3. Dan | Þórshamar | **Karatedómari** | 10.2009 |
| Kristján Gaukur Kristjánsson | 1. kyu | Fjölnir | **A - dómari** | 10.2011 |
| Ólafur Helgi Hreinsson | 4. Dan | KFR | **A - dómari** | 10.2010 |
| Kristján Ó. Davíðsson | 2. Dan | Haukar | **B - dómari** | 10.2011 |
| Pétur Freyr Ragnarsson | 1. Dan | Fylkir | **B - dómari** | 10.2011 |
| Guðni Már Egilsson | 1. kyu | Fylkir | **A - meðdómari** | 10.2011 |
| Eyþór Ragnarsson | 1. Dan | Breiðablik | **A - meðdómari** | 10.2010 |
| Birkir Jónsson | 2. Dan | Þórshamar | **A - meðdómari** | 04.2010 |
| Sigurbjörn Jónsson | 1. Dan | Haukar | **A - meðdómari** | 10.2009 |
| Jón Andri Sigurðsson | 1. Dan | Breiðablik | **A - meðdómari** | 10.2009 |
| Guðbjartur Ísak Ásgeirsson | 2. Dan | Haukar | **B - meðdómari** | 10.2011 |
| Ragnar Eyþórsson | 1. dan | Breiðablik | **B - meðdómari** | 10.2011 |
| Malte Bjarki Mohrmann | 1. Dan | Þórshamar | **B - meðdómari** | 10.2010 |
| Ásmundur Ísak Jónsson | 4. Dan | Þórshamar | **B - meðdómari** | 04.2010 |
| Tómas Lee Róbertsson | 2. Dan | Þórshamar | **B - meðdómari** | 04.2010 |
| Ágústa R. Andrésdóttir | 1. kyu | KAK | **B - meðdómari** | 10.2009 |
| Magnús Kr. Eyjólfsson | 2. Dan | Breiðablik | **B - meðdómari** | 10.2009 |
| Pálmar Dan Einarsson | 1. Dan | Haukar | **B - meðdómari** | 03.2008 |

**Dómarar með kata réttindi**

| Nafn | Gráða | Félag | Réttindi | Dags tekin / |
|---|---|---|---|---|

| | | | | **endurnýjuð** |
|---|---|---|---|---|
| Helgi Jóhannesson | 4. Dan | Breiðablik | **EKF Judge-A** | 05.2009 |
| Gunnlaugur Sigurðsson | 3. Dan | Haukar | **EKF Judge-A** | 06.2008 |
| Jón Ingi Þorvaldsson | 3. Dan | Þórshamar | **Karatedómari** | 02.2011 |
| Reinharð Reinharðsson | 3. Dan | KFR | **Karatedómari** | 01.2010 |
| Kristján Ó. Davíðsson | 2. Dan | Haukar | **A-dómari** | 02.2011 |
| Ágústa R. Andrésdóttir | 1. kyu | KAK | **A-dómari** | 01.2010 |
| Eyþór Ragnarsson | 1. Dan | Breiðablik | **A-dómari** | 05.2009 |
| Jón Andri Sigurðsson | 1. Dan | Breiðablik | **A-dómari** | 05.2009 |
| Pétur Freyr Ragnarsson | 1. Dan | Fylkir | **A-dómari** | 05.2009 |
| Willem Cornelis Verheul | 2. Dan | Fjölnir | **A-dómari** | 05.2009 |
| Magnús Kr. Eyjólfsson | 2. Dan | Breiðablik | **A-dómari** | 12.2008 |
| Sigurbjörn Jónsson | 1. Dan | Haukar | **A-dómari** | 11.2008 |
| Ásmundur Ísak Jónsson | 4. Dan | Þórshamar | **B-dómari** | 02.2011 |
| Kristján Gaukur Krstjánsson | 1. kyu | Fjölnir | **B-dómari** | 02.2011 |
| Snæbjörn Willemsson Verheul | 1. Dan | Fjölnir | **B-dómari** | 02.2011 |
| Aðalheiður Rósa Harðardóttir | 1. Dan | KAK | **B-dómari** | 01.2010 |
| Birkir Jónsson | 2. Dan | Þórshamar | **B-dómari** | 01.2010 |
| Eydís Líndal Finnbogadóttir | 2. Dan | KAK | **B-dómari** | 01.2010 |
| Hekla Helgadóttir | 1. Dan | Þórshamar | **B-dómari** | 01.2010 |
| Tómar Árnason | 1. Dan | KAK | **B-dómari** | 01.2010 |
| Matthías B. Matthíasson | 3. Dan | KFR | **B-dómari** | 11.2008 |

# LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.

3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
b) Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.

4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:
a) Karateþing.
b) Stjórn KAÍ.

5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendur, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendur fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni.
Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a. Stjórn KAÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.
b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
e. Allir nefndarmenn KAÍ.
f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.
Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukaþings skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.

8. gr. Störf karateþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
3. Kosnar fastar nefndir:

   a. Kjörbréfanefnd.
   b. Fjárlaganefnd.
   c. Laga- og leikreglnanefnd.
   d. Allsherjarnefnd.
   e. Kjörnefnd.

   Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttaþing.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágrip af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.
Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:
a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.
j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).

13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.

14. gr. Kærur skulu vera skriflegar og skal kæran eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kæran póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæran ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálsan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.

17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfundi ÍSÍ.

# REGLUGERÐIR

## *REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.*

**Almennar reglur.**

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglinga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.

2. gr. Íslandsmeistaramót unglinga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Íslandsmeistaramót unglinga í Kata. Íslandsmeistaramót unglinga í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þátttökugjald. Þátttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þátttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.

4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.

5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

**Starfsfólk.**

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þátttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglinga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglinga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglinga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að

vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

**Keppnin.**

7. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara, heldur dómarafund og skipar þá í stöður.

8. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -61 kg.
2. Kumite kvenna, +61 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -60 kg.
5. Kumite karla, -67 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -84 kg.
8. Kumite karla, +84 kg
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 og 15 ára -63 kg*.
4. Kumite pilta 14 og 15 ára +63 kg*.
5. Kumite pilta 16 og 17 ára -68 kg*.
6. Kumite pilta 16 og 17 ára +68 kg*.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg*.
9. Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg*.
10. Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg*.
11. Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg*.

* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata stúlkur 12 ára.
2. Kata stúlkur 13 ára.
3. Kata stúlkur 14 ára.
4. Kata stúlkur 15 ára.
5. Kata stúlkur 16 og 17 ára.
6. Kata piltar 12 ára.

7. Kata piltar 13 ára.
8. Kata piltar 14 ára.
9. Kata piltar 15 ára.
10. Kata piltar 16 og 17 ára.
11. Hópkata táninga 12 og 13 ára.
12. Hópkata táninga 14 og 15 ára.
13. Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 8 ára og yngri.
2. Kata barna 9 ára.
3. Kata barna 10 ára.
4. Kata krakka 11 ára.
5. Hópkata krakka 9 ára og yngri.
6. Hópkata krakka 10 ára og 11 ára.

Á meistaramótum barna og unglinga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglingamótið í fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miða skal við fæðingarár. Tilgreina þarf nöfn þeirra keppenda sem taka þátt í hópkata eða liðakeppni í kumite og í hvaða liði viðkomandi er ef hans þátttökufélag sendir fleiri en eitt lið í viðkomandi grein.

9. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla. Veitt eru gull, silfur og bronsverðlaun fyrir 1. – 3. sæti. Sigurvegari er sá sem hefur flesta bardagasigra. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama fjölda sigra er sigurinn þess keppanda sem sigraði innbirgðisviðureign þeirra. Ef enn er jafnt sigrar sá sem hefur skorað flest stig úr bæði sigur- og tapbardögum. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar í eitt ár. Á meistaramótum barna og unglinga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.

10. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá viðauka yfir kata viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Á Íslandsmeistaramóti unglinga í kata mega keppendur í flokkum pilta og stúlkna, 13 ára og yngri, sýna sömu kata aftur. Það sama á við um keppendur á Íslandsmeistaramóti barna í kata.“ Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

11. gr. Á íslandsmeistaramótum í kumite skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír til fimm, skulu þó allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda

um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

12. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

**Kærur, fundir, úrslit & skýrslur.**

13. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.

14. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kæranlegar til dómstóls ÍSÍ í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.

15. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.

16. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.

17. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.

18. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

19. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.

20. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

**Félagaskipti.**

21. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.
Síðast breytt af stjórn KAÍ 12. janúar 2012.

## *LISTI YFIR LEYFILEGAR KEPPNISKATA*

World Karate Federation
MAJOR KATA LIST

**GOJU-RYU**

| | | |
|---|---|---|
| G1 | Sanchin | Sanchin |
| G2 | Saifa | **Saifa** |
| G3 | S/unchin | Seiyunchin |
| G4 | S/sochin | Shisochin |
| G5 | Sanseru | Sanseru |
| G6 | Seisan | Seisan |
| G7 | Seipai | **Seipai** |
| G8 | Kur/nfa | Kururunfa |
| G9 | Sup/mpei | Suparimpei |
| G10 | Tensho | Tensho |
| *G11* | *Geki Ichi* | *Geki Sai Dai Ichi* |
| *G12* | *Geki Ni* | *Geki Sai Dai Ni* |
| *G13* | *TJodan* | *Taikyoku Jodan* |
| *G14* | *TChudan* | *Taikyoku Chudan* |
| *G15* | *TGedan* | *Taikyoku Gedan* |
| *G16* | *TKake* | *Taikyoku Kake uke* |
| *G17* | *TMawashi* | *Taikyoku Mawashi uke* |

**WADO-RYU**

| | | |
|---|---|---|
| W1 | Kushanku | Kushanku |
| W2 | Naih/chi | Naihanchi |
| W3 | Seishan | **Seishan** |
| W4 | Chinto | **Chinto** |
| W5 | Passai | Passai |
| W6 | Niseishi | Niseishi |
| W7 | Rohai | Rohai |
| W8 | Wanshu | Wanshu |
| W9 | Jion | Jion |
| W10 | Jitte | Jitte |
| W11 | Sup/mpei | Suparimpei |

**SHOTOKAN**

| | | |
|---|---|---|
| S1 | Bas Dai | Bassai Dai |
| S2 | Bas Sho | Bassai Sho |
| S3 | Kank Dai | **Kanku Dai** |
| S4 | Kank Sho | Kanku Sho |
| S5 | Tekk Sh | Tekki Shodan |
| S6 | Tekki Ni | Tekki Nidan |
| S7 | Tekki Sa | Takki Sandan |
| S8 | Hangetsu | Hangetsu |
| S9 | Jitte | Jitte |
| S10 | Enpi | Enpi |
| S11 | Gankaku | Gankaku |
| S12 | Jion | **Jion** |

**SHITO-RYU**

| | | |
|---|---|---|
| R1 | Jitte | Jitte |
| R2 | Jion | Jion |
| R3 | Jiin | Jiin |
| R4 | Mats/ze | Matsoukaze |
| R5 | Wanshu | Wanshu |
| R6 | Rohai | Rohai |
| R7 | Bas Dai | **Bassai Dai** |
| R8 | Bas Sho | Bassai Sho |
| R9 | Tomari B | Tomari Bassai |
| R10 | Matsum B | Matsumura Bassai |
| R11 | Kos Dai | Kosokun Dai |
| R12 | Kos Sho | Kosokun Sho |
| R13 | Kos Shih | Kosokun Shiho |
| R14 | Chinto | Chinto |
| R15 | Chinte | Chinte |
| R16 | Sei/chin | **Seienchin** |
| R17 | Sochin | Sochin |
| R18 | Niseishi | Niseishi |
| R19 | Gojushih | Gojushiho |
| R20 | Unshu | Unshu |
| R21 | Seisan | Seisan |
| R22 | Nfchn Sh | Naifanchin Shodan |
| R23 | Nfchn Ni | Naifanchin Nidan |
| R24 | Nfchn Sa | Naifanchin Sandan |
| R25 | Aoyagi | Aoyagi |
| R26 | Jyuroku | Jyuroku |
| R27 | Nipaipo | Nipaipo |
| R28 | Sanchin | Sanchin |
| R29 | Tensho | Tensho |
| R30 | Seipai | Seipai |
| R31 | Sanseiru | Sanseiru |
| R32 | Saifa | Saifa |
| R33 | Sh/ochin | Shisochin |
| R34 | Kur/nfa | Kururunfa |
| R35 | Sup/mpei | Suparimpei |
| R36 | Hakucho | Hakucho |
| R37 | Pachu | Pachu |
| R38 | Heiku | Heiku |
| R39 | Paiku | Paiku |
| R40 | Annan | Annan |
| R41 | Annanko | Annanko |
| R42 | Papuren | Papuren |
| R43 | Chat Kus | Chatanyara Kushanku |
| R44 | *Pinan Sh* | *Pinan Shodan* |

| | | |
|---|---|---|
| S13 | Sochin | Sochin |
| S14 | Njsh/sho | Nijushiho Sho |
| S15 | Gsh/Dai | Goju Shiho Dai |
| S16 | Gsh/Sho | Goju Shiho Sho |
| S17 | Chinte | Chinte |
| S18 | Unsu | Unsu |
| S19 | Meikyo | Meikyo |
| S20 | Wankan | Wankan |
| S21 | Jiin | Jiin |
| *S22* | *Kihon* | *Kihon Kata* |
| *S23* | *Heian Sh* | *Heian Shodan* |
| *S24* | *Heian Ni* | *Heian Nidan* |
| *S25* | *Heian Sa* | *Heian Sandan* |
| *S26* | *Heian Yo* | *Heian Yondan* |
| *S27* | *Heian Go* | *Heian Godan* |

| | | |
|---|---|---|
| R45 | *Pinan Ni* | *Pinan Nidan* |
| R46 | *Pinan Sa* | *Pinan Sandan* |
| R47 | *Pinan Yo* | *Pinan Yondan* |
| R48 | *Pinan Go* | *Pinan Godan* |

**ATH: Shitei kata eru með feitletruðu stöfum**

***ATH: Skáletruðu kata eru íslenskar sérreglur***

## *REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.*

**Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.

2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðjusæti og 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti og 3 stig fyrir fimmta. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftar var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftar hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.

4. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

5. gr Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2011.

## *REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.*

**Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Grand Prix mótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglinga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár í upphafi keppnistímabils.

2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 ára.
4. Kumite pilta 15 ára.
5. Kumite pilta 16 og 17 ára.
6. Kumite telpna 12 og 13 ára.
7. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
8. Kumite stúlkna 16 og 17 ára.
9. Kata barna 12 ára.
10. Kata táninga 13 ára.
11. Kata táninga 14 ára.
12. Kata táninga 15 ára.
13. Kata kadetta 16 og 17 ára.

3. gr. Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaröðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaraðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár og þyngd. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.

4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti og 3 stig fyrir fimmta. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendunum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppninnar vinnur sá er oftar var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftar hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakramóta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

6. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

7. gr Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2011.

## *REGLUR UM KARATEDÓMARA.*

### Almennar reglur.

1. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-

dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framar þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

2. gr. Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára og ekki eldri en 65 ára.
Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára.
Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.

3. gr. Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvisvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum.
Dómarnefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi.
Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómararéttindum og yfir 80% rétt svör til að ná meðdómararéttindum.
Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar.
Kata-dómari þarf einnig að kunna eina Shitei kata úr sínum stíl og eina Shitei og grunnkata úr öðrum stíl. Kata-meðdómari þarf að kunna Shitei kata úr sínum stíl og eina grunnkata úr öðrum stíl.

Samþykkt af stjórn KAÍ 25. mars 2009

## *REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.*

**Almennar reglur.**

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.

2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mót sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mót sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan 14 daga frá umræddu broti annars telst það fyrnt.

3. gr Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. Birta skal úrskurð nefndarinnar opinberlega á heimasíðu KAÍ innan 1 mánaðar frá því að úrskurðað hefur verið og hlutaðeigandi hefur verið birtur úrskurðurinn.

4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.

5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþrótta- og Ólympíusamtaka Íslands.

6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.

7. gr Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
7.1 Óprúðmannleg hegðun á karatemóti.
7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óprúðmannlega hegðun.
7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.

8. gr Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
8.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 7.1 - 7.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
8.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
8.3 Ef dómaranefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.

9. gr Brot félagsliða (eða sveita):
Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.
Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

10. gr Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Samþykkt á 20. ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007
Síðast breytt á 22. ársþingi KAÍ 14.mars 2009

## *REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.*

**Almennar reglur.**

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
Í landsliðsferðum skal landsliðsfólk klæðast landsliðsbúningi.

2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.

3. gr. Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt af stjórn KAÍ, 18. mars 2011.

## *VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ*

| | |
|---|---|
| Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum: | 10.000 kr |
| Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mótsstað: | 15.000 kr auk flutningskostnaðar |
| Lán á keppnisklukkum, flöggum, osfrv.: | 0 kr |
| Lán á sjúkratösku: | Ekki lánuð |
| **Mótagjöld veturinn 2011 - 2012** | **Einstakl. - Lið** |
| ÍM Barna | 1.000 kr - 2.000 kr |
| ÍM Unglinga | 1.000 kr - 2.000 kr |
| ÍM Fullorðinna | 2.500 kr - 3.500 kr |
| GrandPrix mót | 1.000 kr hvert mót |
| Bikarmót | 1.000 kr hvert mót |
| **Sektir veturinn 2011 - 2012*** | |
| Vantar réttindadómara / aukadómara á mót | 10.000 kr / 5.000 kr |
| Vantar starfsmann á mót | 5.000 kr |
| Vantar yfirliðstjóra á mót | 5.000 kr |
| Kæra inn keppanda á mót | 5.000 kr |

* **Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags**

Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2011.

# REKSTRARREIKNINGUR 1/1/2011 - 31/12/2011

| **Tekjur** | | **Skýring** | **1/1-31/12/11** | **1/1-31/12/10** | **breyting %** |
|---|---|---|---|---|---|
| 11000 | Framlög og styrkir | | 6.220.369 | 5.755.285 | 8,1% |
| 15000 | Tekjur af mótum | 1 | 879.000 | 832.000 | 5,6% |
| 22000 | Árgjöld aðildarfélaga | | 363.000 | 344.400 | 5,4% |
| | Aðrar tekjur | | 0 | 44.157 | -100,0% |
| | **Tekjur alls** | | **7.462.369** | **6.975.842** | **7,0%** |
| | | | | | |
| **Gjöld** | | | | | |
| 31000 | Laun og verktakagreiðslur | 2 | 783.000 | | |
| 37000 | Áhöld og tæki | 3 | 0 | 584.471 | -100,0% |
| 41000 | Ferðakostn. Innanlands | 4 | 0 | 0 | |
| 42000 | Ferðakostn. erlendis | 4 | 3.141.469 | 3.924.972 | -20,0% |
| 43000 | Annar þátttökukostn. | 4 | 0 | 0 | |
| 45000 | Kostnaður við mótahald | 1 | 866.472 | 770.756 | 12,4% |
| 48000 | Skrifstofuleiga hjá ÍSÍ | 5 | 162.552 | 141.276 | 15,1% |
| 53000 | Rekstur skrifstofu | 5 | 240.953 | 227.513 | 5,9% |
| 56000 | Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 6 | 120.000 | 857.100 | -86,0% |
| 57000 | Dómarmál | 6 | 638.017 | | |
| 65000 | Önnur gjöld | 7 | 14.849 | 6.979 | |
| 70000 | Erlend samskipti | 8 | 355.759 | 316.069 | 12,6% |
| | **Rekstrargjöld alls** | | **6.323.071** | **6.829.136** | **-7,4%** |
| | | | | | |
| | Hagnaður/Tap f. afskriftir | | 1.139.298 | 146.706 | 676,6% |
| | Fjármagnstekjur | | 49.154 | 54.696 | -10,1% |
| | Afskriftir alls | | | | |
| | | | | | |
| | **Hagnaður/Tap** | | **1.188.452** | **201.402** | **490,1%** |

*Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2011*
*Reykjavík, 10. febrúar 2012*

_________________________________
*Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ*

## Skýringar við rekstrarreikning

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | *Tekjur af mótum* | | 1 *Kostnaður við mót* | Samtals |
| | ÍM-Barna | 185.000 | -67.250 | 117.750,00 |
| | UM-Kata | 117.000 | -74.250 | 42.750,00 |
| | ÍM-Kata | 71.000 | -68.263 | 2.737,00 |
| | Grand Prix | 238.000 | -178.700 | 59.300,00 |
| | UM-Kumite | 58.000 | -74.135 | -16.135,00 |
| | ÍM-Kumite | 145.000 | -82.418 | 62.582,00 |
| | Bikarmót | 65.000 | -148.000 | -83.000,00 |
| | Annað | | -173.456 | -173.456,00 |
| | | **879.000** | **-866.472** | **12.528,00** |
| 2 | *Laun* | | | |
| | Landsliðsþjálfarar | 783.000 | | |
| | | **783.000** | | |

| | | |
|---|---|---|
| 3 | *Áhöld og tæki* | |
| | | **0** |
| 4 | *Ferðir erlendis og innanlands* | |
| | Flug | -2.110.409 |
| | Gisting | -696.682 |
| | Uppihald | -200.000 |
| | Þátttökugjöld | -134.378 |
| | | **-3.141.469** |
| 5 | *Skrifstofa* | |
| | Skrifstofuleiga ÍSÍ | -162.552 |
| | Veitingar | -220.695 |
| | Skrifstofa | -20.258 |
| | | **-403.505** |
| 6 | *Kynning, fræðsla , útbreyðsla* | |
| | Dómaranámskeið | -120.000 |
| | Dómaranám | -638.017 |
| | | **-758.017** |
| 7 | *Önnur gjöld* | |
| | Bankakostnaður | 14.849 |
| | | **14.849** |
| 8 | *Erlend samskipti* | |
| | WKF | -163.371 |
| | EKF | -180.752 |
| | NKF | -11.636 |
| | | **-355.759** |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2011

| | | |
|---|---|---|
| | **EIGNIR** | **31.12.2011** |
| 87000 | Inneign hjá ÍSÍ | 232.669 |
| 87000 | Skuldir félaga | 0 |
| | *Skammtímakröfur alls* | **232.669** |
| 88000 | *Handbært fé* | |
| 88210 | Tékkareikningur 0515-26-5103 | 991.563 |
| 88220 | Sparireikningur 0515-14-104863 | 3.737.621 |
| 88230 | Mastercard | 13.832 |
| | *Handbært fé alls* | **4.743.016** |
| **89999** | **Eignir alls** | **4.975.685** |
| | **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | |
| 91000 | Eigið fé 31/12/10 | 3.768.233 |
| | Skammtímakröfur | |
| | Hagnaður/tap | 1.188.452 |
| | Eigið fé 31/12/11 | 4.956.685 |
| 92003 | Viðskiptaskuldir | 19.000 |
| **99999** | **Skuldir og eigið fé alls** | **4.975.685** |

*Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugavert og leggjum til að hann verði samþykktur.*

*Reykjavík 10. febrúar 2012*

*Indriði Jónsson*

*Einar Þórarinsson.*